

Skýrsla hestamannafélagsins Blæs um æskulýðsstarf 2006.

Í æskulýðsnefnd árið 2006 eru Þórhalla Ágústsdóttir, Þórður Júlíusson, Gunnur Sif Sigurgeirsdóttir, Hafrún Eiríksdóttir og Gullveig Ösp Magnadóttir. Helstu þættir í skipulögðu starfi félagsins á árinu voru eftirfarandi:

1. **Hestakrakkar.** Annan hvern miðvikudag hittust krakkar í hestamannafélaginu í húsnaði félagsins til að spila, föndra, fara í leiki, horfa á myndbönd og fá fræðslu tengda hestamennsku. Hafrún Eiríksdóttir hafði umsjón með starfinu í vetur og skipulagði það, en síðastliðna þrjá vetur hefur félagið haft umsjónarmann á launum við það. Starfið hófst með föndri í desember og endaði með grillveislu í lok maí. Ekkert sérstakt aldurstakmark er í starfinu en flestir þátttakendur eru á aldrinum 4-13 ára. Þessar samverustundir voru vel sóttar og hefur verið almenn ánægja með þær þar sem þær hafa eftir hópandann og eru góður stuðningur við reiðmennskuna.
2. **Reiðnámskeið.** Ásdís Helga Sigursteinsdóttir bauð upp á fjögurra daga reiðnámskeið um áramótin.
3. **Æskulýðsdagar** voru haldnir 15.-17. júní. Æskulýðsdagar hafa nokkuð lengi verið árviss atburður í félaginu og á undanförunum árum hefur þátttakan sífellt verið að aukast. Í ár tóku 33 krakkar á aldrinum 5-18 ára þátt í æskulýðsdögum og hafa þeir aldrei verið fleiri. Reynir Atli Jónsson var leiðbeinandi og fórst það mjög vel úr hendi. Þó hestamennska sé í fyrirrúmi á þessum dögum þá er ýmislegt fleira sér til gamans gert s.s. sundferðir, leikir, söngur og grill auk fræðslu af ýmsum toga. Félagar úr Blæ vinna mikla sjálfboðavinnu með leiðbeinendum t.d. að flytja börnin í sund og á aðra viðburði sem fram fara utan hestasvæðis, sjá um matinn, vera með í reiðtúrum og gæta barnanna á nóttunni auk þess að sjá um allan undirbúning. Börnin dvelja á félagssvæðinu meðan á æskulýðsdögunum stendur, í tjöldum ef veður leyfir en annars í félagshúsi Blæs. Öllum krökkum sem geta útvegað sér reiðskjóta er heimil þátttaka í æskulýðsdögum og þátttökugjald er ekkert.
4. **Útreiðar.** Alla sunnudaga kl. 14 er hópreið. Félagið leggur áherslu á að hafa börn með í útreiðatúrum félagsins. Reiðvegamála hafa tekið stórstígu framförum í sveitarfélaginu og auðveldar það mjög þátttöku barna. Í útreiðartúrum er gjarnan lagt upp úr leikjum og söng og öðru sem hentar börnum og unglingum og allir hvattir til að hafa *Hestablæ* –söngkver félagsins, í vasanum.
5. **Félagsmót.** Börn og unglingar tóku þátt í mótum á vegum félagsins í þremur aldursflokkum, sem er gert jafnhátt undir höfði í verðlaunaveitingum og fullorðinsflokkum.

6. **Hestaferð.** Árleg þriggja daga helgarferð, þetta árið síðustu helgina í ágúst suður í Vöðlavík, Viðfjörð og Hellisfjörð, er vinsæl meðal krakkanna í Blæ. Þarna hverfur kynslóðabilið og unga fólkíð kynnist sögunni og lífsháttum forfeðranna með því að upplifa ferðamáta þeirra og öðruvísi samskipti við náttúruna og óbeisluð öfl hennar en þau eru vön. Þó ferðin henti ekki yngstu krökkunum eru dagleiðir miðaðar við að hægt sé að riða einhestis sem hentar yngri þátttakendum vel.
7. **Ferð unglinga í Skagafjörð.** Helgina 26.-29. janúar fóru 9 unglingar til Sauðárkróks í fylgd Steinars Gunnarssonar og Guðröðar Hákonarsonar. Í ferðinni var farið í heimsókn í Hóla, í starfskynningu á hrossabúi, reiðkennslu, jafnaldrar í hestamennsku heimsóttir og fleira. Ferðin tókst mjög vel og var þátttakendum að kostnaðarlausu.
8. **Hestakrakkaferð.** Laugardaginn 14. maí var farið í dagsferð með rútu upp í Hérað þar sem ný hesthúsabyggð Freyfaxa var heimsótt og félögum okkar þar boðið í pizzuveislu. Síðan var bærinn Hryggstekkur í Skriðdal heimsóttur en þar fræddi Dana dýralæknir þátttakendur um ýmislegt sem þarf að hafa í huga varðandi heilsufar og umhirðu hrossa. Dýrin á bænum voru skoðuð og síðan haldið heim. Þátttaka í ferðinni var góð, yfir 30 manns, bæði börn, unglingar og nokkrir foreldrar.
9. **Fjölskyldudagar.** Í fyrra var í fyrsta sinn haldin fjölskylduhelgi Blæs. Tókst hún mjög vel og var ákveðið að stefna að því að hafa þetta fastan lið í starfsemi félagsins. Fjölskyldudagar heppnuðust líka mjög vel þetta árið og veðrið lék við þátttakendur sem héldu til í tjöldum á félagssvæðinu 22.-23. júlí. Á fjölskyldudögum skiptist á leikur og vinna þar sem sinnt er viðhaldi á félagssvæði, farið í ratleiki á hestum, grillað saman, haldin kvöldvaka, furðureið og fleira gert til gagns og gamans.
10. **Gamlársreið.** Á gamlárstag er farið í hópreið sem krakkarnir hafa gaman af að taka þátt í og skreyta gjarna bæði sig og reiðskjótana í tilefni dagsins.

Með bestu kveðju

Þórhalla Ágústsdóttir
Formaður æskulýðsnefndar Blæs